

FRIENDS OF THE ARTS SOCIETY HALLGRIMSKIRKJA 32. YEAR

www.listvinafelag.is

Curator: Þóra Sigurðardóttir



360 DAYS IN GETHSEMANE

Hallgrímur Pétursson for four centuries

Sigtryggur Bjarni Baldvinsson

photographs :

October 25th 2014 – January 11th 2015

In the past few months Hallgrímur Pétursson has been remembered in various ways. A lot of images have been drawn up of the poet. You could almost say that we have gained a number of him. This exhibition is dedicated to the poet and originates from the Hallgrímur of my youth. Hallgrímur from the poetry-book we read at school, with the strange beard and the sad eyes. Hallgrímur, who wrote the wisdom-verses, and not the least, the leprous poet and peasant farmer who lost his children.

Hallgrímur was a prominent figure in the lives of my schoolmates and I in Akureyri Primary School when I was around ten years of age. We were each given a wisdom-verse to learn by heart. We became committed to the man who suffered so greatly. We owed it to him to obey the wisdom in the verse we had learned. It was difficult to meet his sad eyes in the school poetry-book if we had been naughty.

A year and a half ago I was invited to set up an exhibition in memory of Hallgrímur. I was moving to Brighton in the southern part of England with my family, so I gathered a considerable amount of material about and by the poet, and his handwritten copy of the Hymns of the Passion was of particular interest to me. I was allowed to look at it and touch it in the National and University Library of Iceland and you could say Hallgrímur became the sixth family member on our journey to England after that. In a way he became a resident of 79 Coleman Street in Brighton, although he spent most of his time in the garden.

Excited and overjoyed by the handwritten copy and the proximity inspired by touching it I started painting watercolours based on the script, watercolours being the most spiritual technique of painting, with the intention of painting a picture from each of the 50 hymns.

I had my working space set up by the window overlooking the backyard of our little house in Brighton, around 20 square meters of garden, boasting sweet-smelling herbs, lavender, bay, roses and apple-trees.

As I was painting a picture from the first verse of the second hymn, the garden in front of my eyes and the gardens described in the hymns started interacting and a conversation started where I became an intermediate, errands boy, registrar, care-taker, gardener?

Christ's Sufferings in the Garden

Into the garden Jesus came,
Gethsemane its pregnant name,
Which signifies an olive press.
Ah! There began His soul's distress,
Salvation's oil extracted thus
Brings health and life and joy to us.

Twás in a garden Adam fell,
There first was tolled God's judgment-knell.
But here came forth the Son of Man,
Claimed as His own that awful ban,
Made once more ours the Tree of Life
And weeded out the seeds of strife.

Finally I took one of my 360 grams British quality water colour-sheets, intended as a base for my hymn-paintings, and took it into the garden. I named the sheet Hallgrímur Pétursson.

The inspiration to this was the leprosy and peasantry Hallgrímur endured and I found it interesting to see how the paper would weather in the wind and the rain and slowly be eaten up by all the bustling life a garden hosts.

I slowly started to realize the complexity of this act, although it had seemed almost childishly simple at first.

This was the start of an almost daily fellowship between me and Hallgrímur in the garden. I saw that the garden's nature, whatever the garden was, painted more amazing pictures on the sheet of paper, Hallgrímur, than my own water colours could ever be. My tiny garden in Brighton became the barnyard at Saurbær in Hvalfjarðarströnd where Guðríður Símonardóttir grew exotic herbs from the Barbary to ease her husband's sufferings. We go to Getsemane and on to Eden. Hallgrímur the water color-sheet becomes Jesus and Jesus turns into us sinners and another round it goes. It took Hallgrímur 360 days to disappear completely and turn into a flower which turned into an apple which most likely has become earth again or possibly a new Hallgrímur.

When Hallgrímur had become invisible through the leaves and dirt I washed him in the kitchen-sink. I photographed the whole process. The base of the exhibition in the lobby of Hallgrímur's church is these photographs. I hope it may be cause for speculation on the circle of nature, which we can call eternity, and what you can read, and how, from sheets of paper, both plain and covered in writing.

P.s. When Hallgrímur had been in the garden for some while I put another sheet next to him and named that Guðríður Símonardóttir. Guðríður disappeared in a bad storm on the 5th of February and could not be found again, despite a thorough search. On the 10th of April I found Guðríður, much to my surprise. She had been lost in my little garden for over two months. She did not look too good, and had practically disintegrated. I took a photograph of her remains with the garden as a backdrop and used in a painting which refers to her stay in Northern-Africa under Islamic reign.

S.B.B.

www.sigtryggurbjarni.is
sigtryggurbjarni@internet.is

LISTVINAFÉLAG HALLGRÍMSKIRKJU 32. STARFSÁR

www.listvinafelag.is

Sýningarstjóri: Þóra Sigurðardóttir



360 DAGAR Í GRASAGARDINUM

Hallgrímur Pétursson í fjórar aldir

Sigtryggur Bjarni Baldvinsson

ljósmyndir:

25. október 2014 – 11. janúar 2015

Á síðustu mánuðum hefur Hallgríms Péturssonar verið minnst á fjölbreyttan hátt. Margar myndir hafa verið dregnar upp af skáldinu. Það má segja að við séum mörgum Hallgrímum ríkari. Þessi sýning er tileinkuð og sprottin upp úr Hallgrími æsku minnar. Hallgrími skólaljóðanna, með skeggið skrítna og döpru augun. Hallgrími heilræðavísnanna og ekki síst holdsveika skáldinu sem hokraði og missti börn.

Um tíu ára aldurinn var Hallgrímur mjög fyrirferðamikil persóna í lífi okkar skólasystkinanna í Barnaskóla Akureyrar. Hvert okkar fékk sína heilræðavísuna til að læra utanað. Við urðum skuldbundin manninum sem þjáðist svona mikið. Hann átti það inni hjá okkur að við hlýddum heilræðunum í vísunum sem við lærðum. Ef við höfðum verið óþekkt var erfitt að mæta döpru augnaráði hans í Skólaljóðunum.

Fyrir hálfu öðru ári var mér boðið að gera sýningu í minningu Hallgríms. Ég var á leið utan til ársdvalar í Brighton á suðurströnd Englands með fjölskyldu minni. Ég viðaði því að mér töluverðu efni um og eftir skáldið og vakti eiginhandarrit Hallgríms af Passíusálmunum sérstaka athygli mína. Ég fékk að skoða og handleika það í Þjóðarbókhöðunni og má segja að eftir það hafi Hallgrímur orðið sjötti fjölskyldumeðlimurinn í ferðinni okkar til Englands. Hann varð á vissan hátt heimilisfastur á 79 Coleman Street í Brighton. Mestum tíma eyddi hann þó í garðinum.

Uppnuminn af snotru eigihandarritinu og þeirri nálægð sem skapaðist við að handleika það, tók ég til við að mála vatnslitamyndir byggðar á handritinu, enda vatnslitur andlegasta málaratæknin. Hugðist ég gera öllum 50 sálmunum skil í myndverkum.

Í litla húsinu okkar í Brighton hafði ég vinnuaðstöðu við glugga sem vísaði út í bakgarð, um 20 fermetra, gróskumikinn, sem skartaði ilmandi kryddjurtum, lavander og lárviði, rósum og eplatré.

Þegar ég var að mála mynd upp úr öðrum passíusálmí, fyrsta versí fór af stað virkni milli garðsins fyrir framan augun á mér og garðanna í sálminum. Það var hafið samtal þar sem ég varð áður en yfir lauk aðeins milliliður, sendisveinn, skrásetjari, aðhlynnandi, garðyrkjumaður?

ANNAR SÁLMUR

Um Kristí kvöl í grasgarðinum.

Jesú gekk inn í grasgarð þann,
Getsemane er nefndur hann.
Af olíuþrúgan sá auknafn þar,
olíutréd réttu Herrann var,
olíum hjálpræðis allra first
af hans lífi þar pressaðist.

Í aldigarði þá Adam braut,
aftur Jesús það bæta hlaut
aldigarðseikin ávöxt gaf,
eymd, synd og dauði kom þar af.
Í aldingarðinum ljúft lífsins tréð
lífgunar frjóvgun veita réð.

Það varð úr að ég tók eina af vönduðu 360 gramma, bresku vatnslitaörkunum sem ætluð var sem undirlag fyrir sálmamyndir mínar og fór með hana út í garð. Ég lagði hana á stéttina og kallaði hana Hallgrím Pétursson.

Kveikjan að þessu var holdsveikin og hokrið á Hallgrími, mér fannst forvitnilegt að sjá hvernig pappírinn myndi veðrast í rokinu og rigningunni og étast upp af því iðandi lífi sem einn grösugur garður ber.

Smátt og smátt gerði ég mér grein fyrir hve margslungin þessi verknaður var, þó hann virtist næstum barnslega einfaldur í fyrstu.

Í gang fór næstum því daglegur samgangur okkar Hallgríms í garðinum. Ég sá að náttúra garðsins, hvaða garður sem þetta var, málaði magnaðri myndir á vatnslitapappírinn, Hallgrím, en vatnslitamyndirnar mínar gætu orðið. Garðurinn minn litli í Brighton, varð að bæjarhlaðinu á Saurbæ á Hvalfjarðarströnd þar sem Guðríður Símonardóttir ræktaði framandi jurtir úr barbaríinu manni sínum til líknar. Síðan að Getsemane svo Eden. Vatnslitaörkin Hallgrímur verður að Jesú og Jesú verður að okkur, syndurinum og svo fór þetta allt annan hring. Það tók Hallgrím 360 daga að hverfa alveg og samlagast garðinum og verða að blómi sem varð að epli sem er sennilega orðið að moldu aftur eða kannski að nýjum Hallgrími.

Þegar ekki sást lengur í Hallgrím fyrir laufum og óþrifum þvoði ég hann í eldhúsvaskinum. Ég gekk líka um garðinn og leitaði að táknum og vísunum. Allan þennan framgang myndaði ég. Þær ljósmyndir mynda sýninguna í andyri kirkjunnar hans Hallgríms hér á holtinu. Ég vona að hún geti orðið tilefni til vangaveltna um hringrásina í náttúrunni sem við getum kallað eilífð og hvað lesa má og hvernig af blöðum bæði auðum og þéttskrifuðum.

P.s. Þegar nokkuð var liðið á dvöl Hallgríms í garðinum setti ég aðra örk út í garð við hlið Hallgríms. Hana kallaði ég Guðríði Símonardóttur. Í miklu óveðri 5. febrúar hvarf Guðríður og fannst ekki þrátt fyrir mikla leit. Þann 10. apríl fann ég þó Guðríði aftur mér til mikillar undrunar. Hún var þá búin að vera týnd í rúma tvo mánuði í litla garðinum. Það var satt að segja ekki sjón að sjá hana, hún var orðin að næstum engu. Ég tók mynd af því sem eftir var með garðinn sem baksvið. Úr þeim efnivið bjó ég til mynd sem vísar til vistar hennar í Norður Afríku í islömskum sið.

S.B.B.

www.sigtryggurbjarni.is
sigtryggurbjarni@internet.is